

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri  
Dags. 29. nóvember 2019  
Mnr. 2019030031



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - samantekt á breytingum frá fyrri umræðu 21.11.19

Þann 21. nóvember 2019 var fjárhagsáætlun 2020 lögð fyrir í fyrri umræðu bæjarstjórnar með rekstrarafgangi að fjárhæð kr. 162.876.512,- hjá samstæðu Ísafjarðarbæjar og að fjárhæð 12.242.477,- hjá Sveitarsjóði. Var þá ljóst að einhverjar villur voru í launaáætlun og nokkrar deildir sem þurfti að fara betur yfir varðandi rekstur. Er hér rakið hvaða breytingar hafa verið gerðar sem leiða til rekstrarafgangs að fjárhæð 168.000.000,- í fjárhagsáætlun 2020 hjá samstæðu Ísafjarðarbæjar og rekstrarafgangs að fjárhæð 29.000.000,- hjá Sveitarsjóði.

- LAUNAAÆTLUN, lækkun kostnaður um 33.600.335,- vegna leiðréttinga á fræðsluviði.
- YFIRFERÐ REKSTRARKOSTNAÐAR, leiðrétting á ófyrirséðum kostnaði um 122.738,- og leiðrétting á rekstrarkostnaði Hafnarskrifstofu um 13.997,- til að rekstrarniðurstaða yrði slétt.
- MILLIFÆRSLUR, yfirferð kláruð á þeim sem leiddi til aukningar á kostnaði um 224.110,-
- 02 VELFERÐARSVIÐ, leiðrétting til hækkunar um 19.148.524,-,
  - Endurgreiðslur frá BsVest lækkaðar um 20.837.933,- í samræmi við kostnað við málefni fatlaðra.
  - Fasteignagjöld aldraðra og öryrkja, styrkir hækkaðir um 1.482.929,- í samræmi við útreikninga úr álagningakerfi fasteignagjalda vegna breyttra tekjuviðmiða.
  - Barnavernd, kostnaður lækkaður um 3.172.338,- vegna lækkunar á áætluðum lögfræðikostnaði og endurreikningi endurgreiðslum sveitarfélaga.
- 08 HREINLÆTISMÁL, hækkun kostnaðar um 6.789.039,- eftir yfirferð á samningum um sorpmál og lækkun tekna vegna breytingar á gjaldskrá.
- 21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR, hækkun kostnaður um 2.178.439,- kr. eftir yfirferð á deild um forsetakosningar og vegna áætlunar um 500.000,- kr. styrk á 21810 sem vantaði.

## Samantekt á breytingum frá áætlun 2019 með viðaukum

| Lýsing                                     | Áætlun 2020 samþykkt  | Áætlun 2019 með við   | Mismunur dálkur 2 - 1 | % af dálk 1   | Ársreikningur 2018    | Mismunur dálkur 3 - 1 | % af dálk 1   |
|--------------------------------------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|---------------|-----------------------|-----------------------|---------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>                      |                       |                       |                       |               |                       |                       |               |
| Útsvar                                     | -2.340.479.080        | -2.293.204.475        | 47.274.605            | 97,98         | -2.040.479.561        | 299.999.519           | 87,18         |
| Framlög jöfnunarsjóður                     | -929.352.689          | -936.814.782          | -7.462.093            | 100,80        | -890.412.067          | 38.940.622            | 95,81         |
| Fasteignaskattar                           | -439.888.314          | -402.504.928          | 37.383.386            | 91,50         | -360.253.018          | 79.635.296            | 81,90         |
| Sölutekjur                                 | -85.648.494           | -79.177.894           | 6.470.600             | 92,45         | -86.421.831           | -773.337              | 100,90        |
| Þjónustutekjur                             | -774.425.452          | -776.745.920          | -2.320.468            | 100,30        | -699.829.008          | 74.596.444            | 90,37         |
| Eignatekjur                                | -216.056.862          | -215.645.353          | 411.509               | 99,81         | -215.502.487          | 554.375               | 99,74         |
| Aðrar tekjur                               | -613.916.791          | -589.613.852          | 24.302.939            | 96,04         | -633.382.351          | -19.465.560           | 103,17        |
| Millifærslutekjur                          | -1.234.370.429        | -1.195.772.990        | 38.597.439            | 96,87         | -1.160.795.341        | 73.575.088            | 94,04         |
| <b>Rekstrartekjur alls</b>                 | <b>-6.634.138.111</b> | <b>-6.489.480.194</b> | <b>144.657.917</b>    | <b>97,82</b>  | <b>-6.087.075.664</b> | <b>547.062.447</b>    | <b>91,75</b>  |
| <b>Rekstrargjöld</b>                       |                       |                       |                       |               |                       |                       |               |
| Laun og launatengd gjöld                   | 2.766.386.568         | 2.674.426.053         | -91.960.515           | 96,68         | 2.508.312.231         | -258.074.337          | 90,67         |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar og...      | 75.352.217            | 109.582.513           | 34.230.296            | 145,43        | 138.276.397           | 62.924.180            | 183,51        |
| Vörukaup                                   | 173.246.388           | 186.151.515           | 12.905.127            | 107,45        | 160.007.398           | -13.238.990           | 92,36         |
| Þjónustukaup                               | 781.491.853           | 769.709.822           | -11.782.031           | 98,49         | 765.600.188           | -15.891.665           | 97,97         |
| Orkukostnaður                              | 152.765.337           | 140.273.312           | -12.492.025           | 91,82         | 141.208.056           | -11.557.281           | 92,43         |
| Viðhaldskostnaður                          | 375.115.654           | 401.636.017           | 26.520.363            | 107,07        | 293.523.243           | -81.592.411           | 78,25         |
| Upplýsingakerfi                            |                       |                       |                       |               |                       |                       |               |
| Önnur rekstrargjöld                        | 100.692.988           | 88.214.760            | -12.478.228           | 87,61         | 88.102.645            | -12.590.343           | 87,50         |
| Styrkir og annað                           | 306.629.380           | 280.395.633           | -26.233.747           | 91,44         | 253.677.824           | -52.951.556           | 82,73         |
| Skattar og gjöld                           | 85.767.547            | 83.627.912            | -2.139.635            | 97,51         | 77.570.233            | -8.197.314            | 90,44         |
| Afskriftir                                 | 223.865.408           | 228.924.880           | 5.059.472             | 102,26        | 215.206.195           | -8.659.213            | 96,13         |
| Millifærslugjöld                           | 1.243.558.941         | 1.204.737.392         | -38.821.549           | 96,88         | 1.166.105.873         | -77.453.068           | 93,77         |
| <b>Rekstrargjöld alls</b>                  | <b>6.284.872.281</b>  | <b>6.167.679.809</b>  | <b>-117.192.472</b>   | <b>98,14</b>  | <b>5.807.590.283</b>  | <b>-477.281.998</b>   | <b>92,41</b>  |
| <b>Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða</b> | <b>-349.265.830</b>   | <b>-321.800.385</b>   | <b>27.465.445</b>     | <b>92,14</b>  | <b>-279.485.381</b>   | <b>69.780.449</b>     | <b>80,02</b>  |
| <b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>    | <b>181.265.830</b>    | <b>238.960.385</b>    | <b>57.694.555</b>     | <b>131,83</b> | <b>235.614.374</b>    | <b>54.348.544</b>     | <b>129,98</b> |
| <b>Óreglulegir liðir</b>                   |                       |                       |                       |               |                       |                       |               |
| <b>Rekstrarniðurstaða</b>                  | <b>-168.000.000</b>   | <b>-82.840.000</b>    | <b>85.160.000</b>     | <b>49,31</b>  | <b>-43.871.007</b>    | <b>124.128.993</b>    | <b>26,11</b>  |

**Rekstrartekjur** eru að hækka um 144 m.kr. frá áætlun 2019 (með viðaukum) og er um að ræða hækkun á útsvari um 47 m.kr., hækkun á fasteignaskatti um 37,4 m.kr., hækkun á öðrum tekjum um 24 m.kr. og hækkun á millifærslutekjum um 39 m.kr.

**Rekstrargjöld** eru að hækka um 117 m.kr. frá áætlun 2019 (með viðaukum) og er um að ræða:

- Hækkun á laun og launatengdum gjöldum um 92 m.kr., er í takt við þróun launavísitölu sem áætluð er 5,2%.
- Lækkun á breytingu á lífeyrisskuldbindingu og áföllnu orlofi um 34 m.kr., þar sem orlofsskuldbindingin er að lækka milli ára.
- Lækkun á vörukaupum um 12,9 m.kr. Hér er helst um að ræða 15 m.kr. lækkun á tölvubúnaði sem áætlaður er 2019 og því ekki þörf á að kaupa aftur á árinu 2020.

- Hækkun á þjónustukaupum um 11,8 m.kr. en hér er helst um að ræða hækkun á þjónustukaupum við Eyrarskjól sem nemur 22 m.kr. og er vegna stækkun leikskólans.
- Hækkun á orkukostnaði um 12,5 m.kr. Almennt eru því þjónustukaup að lækka.
- Lækkun á viðhaldskostnaði um 26,5 m.kr. sem skýrist af lægra viðhaldi Eignasjóðs á árinu 2020 þar sem árið 2019 var heldur óvenjulegt út af myglumálum.
- Hækkun á öðrum rekstrargjöldum um 12,5 m.kr. og liggur helst í hærri greiðslum um 5,9 m.kr. til Byggðasamlags um málefni fatlaðra. Aðrar breytingar eru helst vegna tilfærslu kostnaðar milli rekstrarflokka.
- Hækkun á styrkjum og öðru um 26 m.kr. Hér er hækkunin að mestu hjá Velferðarsviði eða sem nemur 33,6 m.kr. og eru 27,8 m.kr. vegna hækkunar á NPA samningum. Einnig er hækkun um 11,9 m.kr. hjá fræðslumálum vegna 4,5 m.kr. herra framlags til LRÓ og 6,2 m.kr. herra framlags til Lýðskólans á Flateyri, en það framlag var áður í formi fæðisкупа. Lækkun er síðan á málaflokki 21 um 28,5 m.kr. vegna þess að verkefnið Ísland ljóstengt heldur ekki áfram.
- Hækkun á sköttum og gjöldum um 2 m.kr. og liggur í hærri fasteignagjöldum hjá Eignasjóði.
- Lækkun á afskriftum um 5 m.kr. en afskriftir hjá Eignasjóði eru að lækka um 1,6 mkr. og hjá Þjónustumiðstöð um 2,8 m.kr.
- Hækkun á millifærslugjöldum um 38,8 m.kr. vegna vísitöluhækkunar.
- Lækkun á fjármagnsgjöldum um 57,7 m.kr. og skýrist helst af lægri verðbólgu í áætlun eða 2,6% í stað 3,6%.